



Grundvallarmarkmið Rauða krossins og Rauða hálfmánans

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmalaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórn mála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFSTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar. ■

Efni

Aðstoð í skugga kreppu.....	2	Mansal - líka á Íslandi	13
Forysta í sjálfboðnu starfi	3	Eitt þúsund manns gengu til liðs við Rauða kross Íslands	14
Tekjur og útgjöld	4	Rauði krossinn léttir undir með barnafjölskyldum	15
Ýmsir viðburðir í starfinu	5	Margvísleg verkefni með ungu fólki	16
Rauði krossinn bregst við í kjölfar efnahagshrunsins	7	Aukið sjálfboðið starf í þágu hælisleitenda	17
Fólk hvatt til virkni	8	Sendifulltrúar Rauða kross Íslands	18
Viðbragðsáætlanir við neyð á Íslandi	9	Kreppan lengir biðraðir eftir mat og fatnaði í Evrópu	19
Hjálparsími Rauða krossins 1717	10	Samstarf í skugga ófriðar	20
Saumað og þrjónað sem aldrei fyrr.....	11	Stuðningur frá Íslandi skilar sér til skjólstæðinga Rauða krossins í Malaví	21
Loftslagsbreytingar skípa stóran sess í nýrri stefnu Rauða krossins.....	12	Fræðsla bjargar mannlífum í Símbabve	22



Aðstoð í skugga kreppu

Rauði kross Íslands vann fjölbreytt starf í þágu þeirra sem höllum fæti standa og tókst á við mörg krefjandi verkefni á árinu 2009, bæði hér heima og erlendis.

Árið reyndist mörgum á Íslandi erfitt og þörf fyrir aðstoð Rauða krossins jókst eftir því sem leið á það. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins um allt land sýndu berskjölduðum stuðning í verki með margvíslegum aðgerðum, þrátt fyrir að vera oft á tíðum sjálfir þolendur.

Í mars opnaði Rauði krossinn Rauðakrosshúsið til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins og veita þeim aðstoð sem áttu um sárt að binda í kjölfar þess. Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða krossins buðu gestum hússins upp á sálrænan og félagslegan stuðning og ráðgjöf um ýmis úrræði í samfélaginu.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins víða um land stóðu fyrir verkefnum sem miðuðu að því að virkja fólk og héldu úti öflugum sumarstarfi með námskeiðum og fræðslu fyrir börn og unglinga. Jafnframt unnu sjálfbóðaliðar að hefðbundnum verkefnum þar sem berskjaldaðir fengu ýmiss konar aðstoð og þjónustu. Mikil aukning var í aðstoð Rauða krossins fyrir jólin.

Í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá stofnun Rauða krossins helgaði þessi stærsta mannráðgjafing heims árinu 2009 baráttu fyrir því að gera veröldina betri. Undir kjörorðunum *Veröldin okkar, þú átt leik* tók Rauði kross Íslands þátt í alheimsáskorun Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans um að beina athyglinni að fórnarlömbum hamfara og styrjalda og fá fólk um

allan heim til að leggja sitt af mörkum til aðstoðar þeim sem eru í nauðum staddir og gera þannig veröldina að betri stað. Um miðjan október blés Rauði kross Íslands síðan í lúðra og kynnti innanlandsverkefni félagsins undir yfirskriftinni *Ertu til þegar á reynir?*

Með verkefnum sínum heima fyrir og á alþjóðavettvangi vann Rauði kross Íslands að því ásamt 185 landsfélögum Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim að draga úr afleiðingum loftslagsbreytinga, ógnum styrjalda og afleiðingum efnahagsþrenginga, sem og að bæta heilsu. Ný umhverfisstefna Rauða kross Íslands var samþykkt á aðalfundi félagsins í maí í Vík í Mýrdal. Rauði kross Íslands varð þar með fyrsta landsfélag Rauðakrosshreyfingarinnar til að marka sér formlega stefnu í því skyni að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga í heiminum.

Rauði kross Íslands hélt úti öflugum neyðar- og þróunarstarfi á helstu áherslusvæðum sínum þrátt fyrir viðvarandi óhagstætt gengi krónunnar og niðurskurð hins opinbera á framlögum til þróunarmála.

Sjálfbóðaliðarnir eru styrkur Rauðakrosshreyfingarinnar. Þeir verja tíma sínum, kröftum og þekkingu í þágu mannúðar án þess að gera kröfu um annað endurgjald en þá ánægju sem felst í því að rétta öðrum hjálparhönd. Starfsemi Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim og sú eining sem ríkir um að starfa

eftir sömu grundvallarmarkmiðum um hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfstæði gerir hreyfingunni kleift að nálgast berskjaldaða einstaklinga og bjóða fram aðstoð.

Við viljum þakka sjálfbóðaliðum félagsins og starfsfólki þess fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Almennings og stjórnvöldum færum við þakkir fyrir stuðning við Rauða kross Íslands.

Reykjavík í maí 2010,

Anna Stefánsdóttir,
formaður Rauða kross Íslands

Kristján Sturluson,
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

Forysta í sjálfboðnu starfi

Stjórn Rauða kross Íslands:



Anna Stefánsdóttir
formaður



Anh-Dao Tran



Einar Sigurðsson
gjaldkeri



Esther Brune



Gísli Pálsson,
varamaður



Gunnar Frímansson
varaformaður



Halldór U.
Snjólaugsson



Jón Þorsteinn
Sigurðsson



Pálín Dögg
Helgadóttir, varamaður



Sigríður Magnúsdóttir
ritari



Sólveig
Reynisdóttir



Stefán Yngvason



Þórdís Magnúsdóttir,
hætti í stjórn 3. sept.

Framkvæmdaráð

Anna Stefánsdóttir
Gunnar Frímansson
Sigríður Magnúsdóttir
Einar Sigurðsson, varamaður

Ráðgjafarhópur um innflytjendamál

Shyamali Ghosh formaður
Grazyana María Okuniewska
Tatjana Latinovic
Jóhann I.C. Solomon
Halldór Nguyen
Claudia Oversech
Galicia Isorena

Stjórn Verkefnasjóðs

Pálín Dögg Helgadóttir, formaður
Einar Óli Fossdal
Sigrún C. Halldórsdóttir
Stefán Yngvason

Stjórn Íslandsspila

Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Kristján Sturluson
Pálín Dögg Helgadóttir

Skoðunarmenn

Jón Kr. Sólnes
Ólafur Reimar Gunnarsson

Endurskoðunarskrifstofa

KMPG – endurskoðun hf.

Stjórn URKÍ

Pálína Björk Matthíasdóttir, formaður
Arna Dalrós Guðjónsdóttir, varamaður í stjórn
Ágústa Ósk Aronsdóttir, gjaldkeri
Gísli Sigurður Gunnlaugsson, innanlandsfulltrúi
Margrét Inga Guðmundsdóttir, ritari
Svava Traustadóttir, annar varaformaður
Unnur Tryggvadóttir Flóvenz, varamaður í stjórn
Vera Sveinbjörnsdóttir, fyrsti varaformaður

Skyndihjálparráð

Einar Örn Arnarsson
Einar Þór Hafberg
Erna Árnadóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Gunnar M. Baldursson
Gunnhildur Sveinsdóttir
Oddur Eiríksson
Ólafur Ingi Grettisson

Formenn deilda

Austur-Húnavatnssýsludeild Einar Óli Fossdal
Akranesdeild Sveinn Kristinsson
Akureyrardeild Jón G. Knutsen
Álftanesdeild Einar Rúnar Axelsson
Árnesingadeild Marianne Brandsson-Nielsen
Bolungarvíkurdeild Dóra María Elíasdóttir
Borgarfjarðardeild Ragnheiður Kristín Einarsdóttir
Breiðdalsdeild Unnur Björgvinsdóttir
Búðardalsdeild Óskar Ingi Ingason
Dalvíkurdeild Símon Páll Steinsson
Djúpvavogsdéild Egill Egilsson
Dýrafjarðardeild Bergur Torfason
Eskifjarðardeild Pétur Karl Kristinsson
Fáskrúðsfjarðardeild Halldór U. Snjólaugsson
Garðabæjardeild Katrín Matthíasdóttir
Grindavíkurdeild Ágústa Gísladóttir
Grundarfjarðardeild Bryndís Theodórsdóttir

Hafnarfjarðardeild Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Héraðs- og Borgarfjarðardeild Málfríður Björnsdóttir
Hornafjarðardeild Magnhildur Gísladóttir
Húsavíkurdeild Ingólfur Freysson
Hvammstangadeild Guðrún Matthíasdóttir
Hveragerðisdeild Eyrún Sigurðardóttir
Ísafjarðardeild Hrefna Magnúsdóttir
Kjósarsýsludeild Jóhannes B. Guðmundsson
Klaustursdeild Elín Anna Valdimarsdóttir
Kópavogsdéild Garðar H. Guðjónsson
Norðfjarðardeild Þorgerður Malmquist
Ólafsfjarðardeild Ingi Þ. Reyndal
Rangárvallasýsludeild Árni Þorgilsson
Reyðarfjarðardeild Sigurður Ásgeirsson
Reykjavíkurdeild Stefán Yngvason
Seyðisfjarðardeild Einar Hólm Guðmundsson
Siglufjarðardeild Ólafur Sigurðsson

Skagafjarðardeild Gunnar Jóhannesson
Skagastrandardeild Sigrún Líndal Prastardóttir
Snæfellsbæjardeild Elfa Ármannsdóttir
Strandasýsludeild Gunnar Björn Melsted
Stykkishólmsdeild María Guðmundsdóttir
Stöðvarfjarðardeild Þóra Björk Nikulásdóttir
Suðurnesjadeild Rúnar Helgason
Súðavíkurdeild E. Hafdís Kjartansdóttir
Súgandafjarðardeild Bryndís Ásta Birgisdóttir
V-Barðastrandarsýsludeild Helga Gísladóttir
Vestmannaeyjadeild Hermann Einarsson
Víkudeild Sveinn Þorsteinsson
Vopnafjarðardeild Hrund Snorradóttir
Þórshafnardeild Sóley Vífilsdóttir
Öndurfjarðardeild Edda Graichen
Öxarfjarðardeild Kolbrún Gunnarsdóttir

Tekjur og útgjöld

Í samstæðureikningi Rauða kross Íslands er öll starfsemi félagsins tekin saman í einn endurskoðaðan ársreikning. Hér á eftir verður minnst á nokkur atriði er varða tekjur og útgjöld samkvæmt samstæðureikningi árið 2009.

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu um 5,5% á árinu 2009 frá fyrra ári. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga lækkuðu tekjurnar mun meira að raungildi milli ára eða um tæp 16%.

Kostnaður við rekstur sjúkrabíla var 251 milljón. Rauði krossinn lagði 21 milljón króna til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá ríkinu og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað 1.480 milljónum króna til verkefna á árinu 2009.

Rekstrarafgangur var tæpar 3 milljónir.

Frjáls framlög námu 265 milljónum króna. Félagsgjöld voru rúmar 11 milljónir króna og runnu til deilda Rauða krossins.

Tvær safnanir fóru fram meðal einstaklinga og fyrirtækja til að mæta þörfum fólks vegna versnandi efnahags hér á landi og fékk Rauði krossinn um 29 milljónir króna í þeim.

Sala á notuðum fatnaði skilaði Rauða krossinum um 41 milljón króna tekjuafgangi.

Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 328 milljónum króna. Þar af runnu 85 til neyðaraðstoðar og 243 til þróunaraðstoðar.




Útgjöld til innlendra verkefna voru 562 milljónir króna. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 47 milljónum en var 33 á árinu 2008 og 12 árið 2007. Rauðakrosshúsið hóf starfsemi sína snemma árs 2009 og var kostnaður við rekstur þess 19 milljónir króna.

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur og framlög	2009	2008	2007	2006
Tekjur af söfnunarkössum	581.731	615.380	587.066	557.903
Gjafir og framlög	264.624	234.152	155.949	155.356
Samingsbundin verk við stjórnvöld	173.865	150.375	138.366	118.432
Sjúkraflutningar	116.888	93.227	89.366	83.634
Tekjur af sölustarfsemi	151.528	128.195	99.352	81.018
Aðrar tekjur	193.879	248.163	197.588	284.871
Samtals	1.482.515	1.469.492	1.267.687	1.281.214

Framlög til nokkurra verkefna

Alþjóðahjálparstarf	328.407	326.037	252.012	242.830
Alþjóðasamstarf	61.864	65.984	58.175	49.942
Innanlandsstarf	561.563	470.044	468.560	345.164
Sjúkraflutningar	250.793	264.729	214.566	208.516
Hjálparsíminn	29.243	25.445	24.478	20.861
Athvörf Rauða krossins	70.550	71.336	61.569	52.385



Ýmsir viðburðir í starfinu



Janúar

Reykjavíkureið byrjaði árið á því að opna Vinanetið

Um 240 ungmenni nýttu sér Vinanetið sem er spjall fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem af einhverjum ástæðum hefur einangrað sig frá samfélaginu. Á Vinanetinu ræddi fólk saman á uppbyggilegan hátt um hin ýmsu málefni. Einu sinni í mánuði hittust svo spjallvinirnir ásamt sjálfböðaliðum. Vinanetið er nýtt samstarfsverkefni Ungmennadeildar Reykjavíkureiðar Rauða krossins og Hjálparsíma Rauða krossins 1717.



Febrúar

Skyndihjálþ kynnt í grunnskólum landsins á 112-daginn

Sjálfböðaliðar í um 30 deildum Rauða krossins víða um land heimsóttu grunnskóla í tilefni af 112-deginum þann 11. febrúar. Sjálfböðaliðarnir kynntu skyndihjálþ fyrir nemendum og héldu á lofti því víðtæka öryggis- og velferðarkerfi sem börn og ungmenni hafa aðgang að í gegnum neyðarnúmerið ef eitthvað bjátar á. Magnús Þór Óskarsson bifvélavirki var útnefndur *Skyndihjálþarmaður ársins 2008* en hann vann það þrekvirki að bjarga Hannei Ragnarssyni sem klemmdist milli tveggja bifreiða á bílastæði við Frumherja í ágúst 2008.



Mars

Hundrað kall á haus

Um 15 milljónir króna söfnuðust í sameiginlegri landssöfnun Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar sem fram fór undir einkunnarorðunum *Stöndum saman – gefum hundrað kall á haus* vikuna 16.–22. mars. Skorað var á alla landsmenn að gefa sem svarar 100 krónum á hvert mannsbarn í landinu. Hægt var að hringja í tvö símanúmer og gefa annars vegar 100 krónur og hins vegar 1000 krónur.



Júlí

Fulltrúar frá URKÍ tóku þátt í ungmennamóti í Solferino á Ítalíu

Fimm sjálfböðaliðar í Ungmennahreyfingunni sóttu alþjóðlegt mót ungmenna í Solferino á Ítalíu. Ungir sjálfböðaliðar frá 150 landsfélögum Rauða krossins og Rauða hálfmánans komu þar saman til að ræða hvernig bregðast skuli við þeim alvarlega mannúðarvanda sem ríkir um allan heim, oft atburðum sem hafa engu minni þjáningar í för með sér en orrustan um Solferino (Heljarslóðarorrusta). Sú orrusta varð Svisslendingsnum Henry Dunant innblástur að stofnun Rauða krossins árið 1863.



Ágúst

60 ára afmæli Genfarsamninganna

Ungir sjálfböðaliðar Rauða krossins vöktu athygli veffarenda í miðbænum á því að 60 ár voru liðin frá undirritun Genfarsamninganna sem veita mönnum vernd í vopnuðum átökum. Börnin báru skilti með þeim reglum sem ber að virða í stríðsátökum og stöðvuðu gesti og gangandi til að fræða þá um samningana sem bjargað hafa ótöldum mannlífum. Rauði krossinn reisti einnig fangaklefa á Lækjartorgi og notaði sem fyrirmynd fangaklefa í Rúanda. Var veffarendum boðið að fara inn í hann og giska á hversu margir hefðu gist fangaklefan í einu.



September

Hreinsunarstörf í Hafnarfirði

Sjálfböðaliðar Hafnarfjarðardeildar hittust í sjálfböðaliðagleði og létu gott af sér leiða á Umhverfissvakt Hafnarfjarðarbæjar. Deildin tók „land í fóstur“ hjá Hafnarfjarðarbæ og sá um að fegra umhverfið fjórum sinnum á nokkurra mánaða tímabili. Sjálfböðaliðagleðin fór fram eftir að sjálfböðaliðar Rauða krossins sinntu Umhverfissvaktinni í þriðja sinn á árinu en í fyrri skiptin fengu ungmennin í starfinu að láta til sín taka. Slegið var upp grillveislu í sjálfböðamiðstöð deildarinnar eftir hreinsunarstarfið þar sem tveir sjálfböðaliðar úr fatasöfnun, Tryggvi og Bjarni, tóku lagið við mjög góðar undirtektir.



Apríl

Fjölbreyttar neyðarvarnaæfingar

Átján sjálfbóðaliðar frá Suðurnesja- og Grindavíkureild tóku þátt í flugverndaræfingu laugardaginn 18. apríl á Keflavíkurflugvelli. Á æfingunni var líkt eftir sprengjuhótun um borð í flugvél sem lauk síðan með slysi eftir lendingu. Rauði krossinn tók þátt í sjö neyðarvarnaæfingum á árinu auk flugverndaræfingarinnar á Keflavíkurflugvelli: Neyðarnefndin á höfuðborgarsvæðinu setti upp fjöldahjálparæfingu í fjöldahjálparstöðinni í Kársnesskóla; Þórshafnardeild tók þátt í flugslysaæfingu á Þórshafnarflugvelli; Hjálparsíminn var með viðbragðsæfingu; Héraðs- og Borgarfjarðardeild tók þátt í flugslysaæfingu á Egilsstaðflugvelli; Ísafjarðardeild stóð fyrir fjöldahjálparæfingu og Klausturdeild og landsskrifstofan voru með skrifborðsæfingu.



Maí

Fjáröflunarbingó Viðsýnar

Ferðafélagið Viðsýn hélt sitt árlega fjáröflunarbingó í Hátúni 10 í byrjun mánaðar. Viðsýn er ferðafélag Vinjar, athvarfs Rauða kross Íslands fyrir fólk með geðraskanir. Ferðafélagið var stofnað fyrir 10 árum og telur rúmlega 40 virka félagi. Fjölmennt var á bingóinu. Auk gesta Vinjar voru þar fjölskyldur og vinir þeirra ásamt íbúum í Hátúni. Bingóið hefur verið árleg fjáröflun félagsins síðastliðin átta ár en boðið hefur verið upp á árlegar utanlandsferðir fyrir félagsmenn á mjög sanngjörnu verði. Þá hafa hin ýmsu félög og stofnanir styrkt félagið í gegnum árin, þar á meðal Iceland Express með myntsöfnun í flugvélum sínum. Gestakomur í Vin á árinu voru alls 6125, að meðaltali komu 26 á dag.



Júní

Skapandi handverk á Akranesi

Handavinnusýningin „Skapandi handverk“ var opnuð á Alþjóðlega flóttamannadaginn 20. júní í Bókhöðunni á Akranesi. Þar var til sýnis handverk palestínsku flóttakvennanna og annarra íbúa á Akranesi sem tóku þátt í handavinnunámskeiði á vegum Akranesdeildar Rauða krossins árið 2008. Sama dag kynntu fjölmargir sér málefni og menningu flóttafólks og hælisleitenda í opnu húsi á Laugavegi í Reykjavík sem Rauði kross Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands ásamt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna stóðu fyrir í samvinnu við hælisleitendur og flóttafólk. Sömu aðilar stóðu fyrir útgáfu vefleikjarins „Flótti“ í maí, sem fjallar um mannréttindi og reynslu flóttafólks en leikurinn hefur verið gefinn út í fjölmörgum löndum.



Október

Heimsóknahundar verðlaunaðir

Tíkin Karólína, sem sinnir heimsóknþjónustu hjá Kópavogsdeild með Guðleifi eiganda sínum, var heiðruð sem afrekshundur ársins af Hundaræktarfélagi Íslands. Karólína er sex ára blendingur af Border og Springer en þau Guðleifur fara reglulega á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð og heilsa upp á heimilisfólkið þar. Þá tók hundurinn Vaskur, sem er þriggja ára ástralskur fjárhundur, til starfa sem sjálfbóðaliði Rauða krossins í Fjarðabyggð í nóvember. Hann er annar heimsóknahundurinn utan höfuðborgarsvæðisins en fyrr um haustið hóf einn slíkur störf í Árnesingadeild. Heimsóknahundar voru alls 21 talsins.



Nóvember

Ný fatabúð Rauða krossins

Ný fatabúð Rauða krossins leit dagsins ljós í Mjódd í Reykjavík. Eins og í öðrum búðum Rauða krossins eru þar seld notuð föt sem almenningur hefur gefið Rauða krossinum. Þá var Stóra Rauða kross búðin opnuð á Eskifirði í desember og Litla Rauða krossbúðin á Stöðvarfirði í apríl. Fatabúðir Rauða krossins eru því orðnar níu talsins en auk ofangreindra búða rekur Rauði krossinn tvær fatabúðir við Laugaveg í Reykjavík, eina í Hafnarfirði, eina á Akureyri, eina á Suðurnesjum og eina í Hveragerði.



Desember

Tombólubörn safna fyrir börn í Malaví

Vinirnir Fannar Már, Atli Snær og Ragnar Hólm gengu í hús og buðu fólk að gefa dót á tombólu sem þeir héldu síðan fyrir utan verslun Samkaupa við Hrísalund á Akureyri. Þeir voru á meðal fimmta hundrað tombólubarna sem söfnuðu fyrir Rauða krossinn á árinu en ágóðinn, samtals um 650.000 krónur, rann til hjálparstarfs Rauða krossins í Malaví þar sem börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis fá aðstoð. ■

Fjöldi manns lagði leið sína í Rauðakrosshúsið 17. nóvember og fylgdist með fagmannlegum vinnubrögðum og fræðslu kennara Hótel- og matvæðaskólans þegar þeir framreiddu jólaveislu á kostakjörum. Yfir hundrað manns fóru í biðröð til að bragða á gómsættum jólamatnum.

Rauði krossinn bregst við í kjölfar efnahagshrunsins

Rauði kross Íslands opnaði Rauðakrosshúsið 5. mars til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins og veita þeim aðstoð sem áttu um sárt að binda í kjölfar þess. Gestum hússins var boðið upp á sálrænan og félagslegan stuðning og ráðgjöf um ýmis úrræði í samfélaginu sem sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða krossins veittu.

Starfsemin í Rauðakrosshúsinu byggir á reynslu félagsins af því að bregðast við í neyð en er í stöðugri þróun í samræmi við þarfir og óskir gesta og sjálfbóðaliða hússins. Þar er lögð áhersla á sjálfböðna vinnu og er fólki gefinn kostur á að virkja krafta sína sjálfum sér og öðrum til gagns. Í samvinnu við ýmsa aðila hefur Rauðakrosshúsið boðið upp á áhugaverða dagskrá og ráðgjöf sérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmiðið með starfseminni er að hver sá sem kemur í Rauðakrosshúsið geti hlúð að sjálfum sér og verið virkur, t.d. með því að sækja áhugaverð og gagnleg námskeið, fá ráðgjöf jafningja og/eða sérfræðinga eða fá sér kaffibolla og hitta annað fólk.

Tekið vel á móti öllum gestum

Rauðakrosshúsið er opið virka daga milli klukkan 12 og 17. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar sjá til þess að enginn gestur sé látinn afskiptalaus. Hver og einn getur fengið allt að þrjú viðtöl



Í saumasmíðju Rauðakrosshússins skapast oft skemmtilegar umræður.

hjá sálfræðingi úr áfallahljálparteymi Rauða krossins sér að kostnaðarlausu. Til viðbótar er í boði lögfræðiráðgjöf og fíkniráðgjöf fyrir gesti. Prestar og djáknaar á vegum Þjóðkirkjunnar hafa daglega viðveru í húsinu og veita þeim sem þess óska sálgæslu. Gestir hafa aðgang að tölvum og bókum af ýmsum toga og ávallt er heitt kaffi á könnunni.

Eitthvað fyrir alla

Í Rauðakrosshúsinu er boðið upp á áhugaverða dagskrá sem er breytileg frá viku til viku. Í boði eru fyrirlestrar og námskeið af ýmsum toga en auk þess eru nokkrir vikulegir vinnuhópar starfandi. Í nóvember hófst skiptimarkaður með barnaföt í Rauðakrosshúsinu og á þriðja tug sækir hann í hverri viku. Reynslan sýnir að flestir gestir sækja einhverja dagskrárlíði áður en þeir nýta sér aðra þjónustu í húsinu. Um 200 mismunandi viðburðir voru á dagskrá Rauðakrosshússins á síðasta ári, þar af voru fjölmargir vikulega á dagskrá. Nær undantekningarlaust gáfu leiðbeinendur sem komu í húsið vinnu sína.

Sjálfbóðaliðar eru hjarta Rauðakrosshússins

Margir gesta Rauðakrosshússins kjósa að taka virkan þátt í starfseminni með því að gerast sjálfbóðaliðar. Þeir taka á móti gestum, kynna starfseminna, veita stuðning og ráðgjöf auk þess að sinna daglegum störfum eins og að hella upp á kaffi og undirbúa fyrirlestra og hópstarf. Allir sjálfbóðaliðarnir



sækja námskeið í sálrænum stuðningi og viðtalstækni. Um 100 sjálfbóðaliðar tóku þátt í daglegum störfum og ráðgjöf í húsinu árið 2009 en töluverð endurnýjun hefur verið í hópnum því margir hafa fengið vinnu og dregið sig út úr verkefninu.

Viðbrögð deilda Rauða krossins á landsvísu

Deildum Rauða krossins sem vilja bjóða upp á þjónustu í heimabyggð stendur til boða að nýta sér þjónustu og ráðgjöf sálfræðinga úr áfallateymi félagsins og ráðgjöf starfsmanna Rauðakrosshússins. Nokkrar deildir félagsins hafa sent fulltrúa sína á námskeið fyrir sjálfbóðaliða hússins og í framhaldinu veitt sams konar ráðgjöf og stuðning og þar er í boði. Deildir geta fengið aðgang að gagnagrunni 1717 og Rauðakrosshússins en þar er að finna upplýsingar um hvernig bregðast á við vandamálum og hvaða úrræði standa fólki til boða. ■



Hverri viku í Rauðakrosshúsinu lýkur með hláturjöga sem er frábær leið til að fá útrás og losa um spennu.

Sjálfbóðaliðar í verkefninu *Nýttu tímann* sem Kópavogsdeild stóð fyrir gáfu vegfarendum heitt kakó fyrir jólin í Hálsatorgi í Kópavogi.



Fólk hvatt til virkni

Rauði krossinn brást við þegar þúsundir landsmanna áttu á brattann að sækja sökum atvinnuleysis og efnahagserfiðleika. Deildir félagsins víðs vegar um landið settu á stofn verkefni sem miðuðu að því að virkja fólk og rjúfa félagslega einangrun þess eða áttu um það samstarf við sveitarfélög eða aðra í heimabyggð. Hér eru nokkur dæmi um slík verkefni.

Nýttu tímann í Kópavogi

Kópavogsdeild hóf í byrjun árs verkefnið *Nýttu tímann: Námskeið – Fyrirlestrar – Samvera* sem ætlað var að ná til atvinnulausra og þeirra sem neyðst höfðu til að minnka við sig vinnu. Markmiðið var að hvetja fólk til að nýta krafta sína, halda áfram að vaxa og dafna þrátt fyrir tímabundinn atvinnumiss og rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks. Áhersla var lögð á að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá, stutt og hnitmiðuð námskeið, öllum að kostnaðarlausu.

DRIFT – opið hús í Hveragerði

Sjálfbóðaliðar hjá Hveragerðisdeild héldu úti opnu húsi, undir yfirskriftinni DRIFT, fyrir fólk í atvinnuleit í samstarfi við sveitarfélagið. Deildin opnaði hús sitt tvo daga í viku, fyrir hádegjið, þar sem boðið var upp á ýmis námskeið, þar á meðal í skyndihjálp.

Miðstöð fólks í atvinnuleit á Egilsstöðum

Héraðs- og Borgarfjarðardeild kom að rekstri miðstöðvar fólks í atvinnuleit á Egilsstöðum sem sett var á laggirnar um miðjan febrúar. Miðstöðin var til húsa í miðbænum og var starfrækt í fjóra mánuði en að starfinu komu Vinnuálastofnun, Fljótshérað, Starfsgreinafélagið Afl og VR.

Vinahús í Grundarfirði

Rauðakrossdeildin í Grundarfirði opnaði Vinahúsið GRUND í nóvember í samvinnu við

Verkalýðsfélag Snæfellinga sem lagði starfsemi til húsnæði. Þar var íbúum boðið upp á námskeið, samveru og fræðslu af ýmsu tagi. Vinahúsið er hugsað sem úrræði fyrir þá sem hafa dottið út úr hlutverkum sínum vegna veikinda, slysa, atvinnumissis o.s.frv. Þar hefur nú þegar myndast traustur 10-12 manna kjarni af vinum sem leggja mikla áherslu á jákvætt hugarfar og uppbyggingu sálarinnar, sem og að hjálpa hvert öðru með því að miðla þekkingu og getu manna á milli.

Félagsbær í Öndarfirði

Sjálfbóðaliðar í Öndarfjarðardeild ásamt fleiri aðilum í bænum komu að starfsemi í Félagshúsi þar sem deildin hefur aðsetur. Markmiðið með starfinu var að virkja fólk og veita því andlegan og félagslegan stuðning. Deildin bauð upp á ýmsa fjölmenningsleg viðburði og voru meðal annars haldin matreiðslunámskeið þar sem íbúar sem eiga uppruna í mismunandi löndum elduðu fyrir bæjarbúa. Þá stóð deildin einnig fyrir dansnámskeiði, sundkennslu, tungumálanámskeiði og textílvinnu.

Opið hús á Húsavík fyrir fólk í atvinnuleit

Húsavíkurdeild kom að rekstri á opnu húsi fyrir fólk í atvinnuleit í samstarfi við Stéttarfélagið Framsýn, Þekkingarsetur Þingeyinga, Félagshjónustu Þingeyinga og Vinnuálastofnun. Markmiðið var að virkja atvinnulaust fólk og rjúfa félagslega einangrun þess. Haldin voru fjölbreytt námskeið þar sem Húsa-



Filippseyingar stóðu fyrir matarboði í Félagshúsi í Öndarfirði þar sem Rauði krossinn stóð fyrir ýmsum fjölmenningslegum viðburðum.

víkurdeild stóð meðal annars fyrir námskeiði í sálrænum stuðningi og kynningu á starfsemi Rauða kross Íslands.

Örnámskeið í opnu húsi Kjósarsýsludeilda

Kjósarsýsludeild jók starfsemi sína til muna og réði starfsmann í gegnum vinnuámarksúrræði Vinnuálastofnunar. Deildin opnaði hús sitt til að leitast við að virkja atvinnuleitendur, hélt örnámskeið, stuðlaði að samveru fólks og þátttöku í hefðbundnum verkefnum deildarinnar. Í kjölfarið var nýjum verkefnum komið á legg, eins og *Föt sem framlag*. Einnig var boðið upp á fjölbreytt og ókeypis námskeið um hefðbundið Rauða kross starf auk fjögurra vikulangra sumarnámskeiða fyrir börn. Þá var reglulega haldinn skiptifatamarkaður með barnaföt þar sem foreldrar gátu skipt notuðum fötum yfir í aðrar stærðir og gerðir. ■



Akureyrardeild og Dalvíkurdeild stofnuðu sameiginlega viðbragðshóp í október.



Sjálfbóðaliðar í viðbragðshópi höfuðborgarsvæðisins veittu íbúum á Klapparstíg 17 sálrænan stuðning og aðhlyningu þegar hús þeirra brann í janúar.

Ljósmynd: Júlíus Sigurðsson.

Viðbragðsáætlanir við neyð á Íslandi

Almannavarnir virkjuðu viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu og hófst Rauði kross Íslands þegar handa við að undirbúa viðbrögð ef heimili landsins yrðu sett í sóttkví. Hjálparsími Rauða krossins tók þátt í samstarfi um símaþjónustu vegna influensufaraldursins, sjálfbóðaliðar og starfsmenn voru bólusettil ásamt því að farið var yfir forgangsröðun verkefna. Þá undirbjó félagið sig fyrir dreifingu nauðsynja til heimila í sóttkví.

Í lok apríl braust út influensufaraldur í Mexíkó, svonefnd svínaflensa eða influensa A(H1N1)v. Faraldurinn barst fljótlega til fleiri landa og hingað til lands þann 23. maí. Nokkrum vikum eftir upphaf faraldursins lýsti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin því yfir að heimsfaraldur influensu væri skollinn á, sá fyrsti síðan 1967.

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn bólusettil

Mikil áhersla var lögð á að vernda fólk sem starfar að neyðar- og öryggisþjónustu í landinu, meðal annars starfsfólk og sjálfbóðaliða Rauða kross Íslands. Rauði krossinn var því settur í forgangshóp þegar kom að bólusetningum og voru 478 sjálfbóðaliðar og starfsmenn bólusettil í haust, einkum þeir sem starfa að neyðarvörnum. Þá gerði félagið jafnframt áætlun um hvernig það gæti starfað óslitið þrátt fyrir að stór hluti starfsmanna og sjálfbóðaliða legðist veikur. Sú áætlun gengur út á tímabundna forgangsröðun verkefna þar sem neyðarvarnir og brýn verkefni ganga fyrir öðrum verkefnum.

Hjálparsími Rauða krossins 1717 tók þátt í samstarfi um símaþjónustu í influensufaraldrinum. Starfsfólk frá landlæknisembættinu sá til þess að símsvörunarfólk Hjálparsímans

gæti veitt almenningi allar almennar upplýsingar um flensuna og hvar bjargir væru að finna. Riflega 500 símtöl bárust Hjálparsímanum um svínaflensuna og þar af um 300 í októbermánuði þegar influensufaraldurinn náði hámarki hér á landi.

Matvöruverslanir sem birgðastöðvar

Í viðbragðsáætlun vegna influensufaraldurs hefur Rauði kross Íslands því hlutverki að gegna að tryggja dreifingu nauðsynja til heimila í sóttkví. Fljótlega eftir að faraldurinn braust út í vor var hafist handa við að undirbúa það verkefni. Samráð var haft við helstu hagsmunaaðila, svo sem almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Matvælastofnun, Lýðheilsustöð, stærstu matvörubirgjana og smásöluaðila. Gerð var áætlun um hvernig hægt væri að nota matvöruverslanir sem birgðastöðvar og jafnframt útbúnar leiðbeiningar fyrir starfsmenn matvöruverslana. Þetta fyrirkomulag var svo útfært frekar af Rauðakrossdeildum í svonefndum svæðisáætlunum sem hafa það hlutverk að laga landsáætlunina að aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Influensan náði hámarki hér á landi í október og fram í nóvember. Um 170 manns voru lagðir

inn á sjúkrahús og landlæknisembættið áætlað að um 60.000 manns hafi veikst. Þegar kom fram í miðjan nóvember fór mjög að draga úr tilfellum. Landlæknisembættið áætlaði að í lok árs hefði um helmingur þjóðarinnar verið ónæmur fyrir influensunni vegna smits eða bólusetningar.

Fagmennska í neyðarvörnum utan skipulags almannavarna

Fyrir nokkrum árum var stofnaður viðbragðshópur á höfuðborgarsvæðinu sem hefur það meginhlutverk að sinna brýnni neyðaraðstoð á vettvangi eldsvoða og annarra alvarlegra atburða. Hópurinn hefur sannað tilveru sína enda kemur hann fjölda fólks til aðstoðar á hverju ári. Á árinu aðstoðaði hópurinn 52 þolendur alvarlegra atburða með húsnæðisaðstoð, mataraðstoð, sálrænum stuðningi, fataaðstoð og ráðgjöf.

Fleiri deildir þurftu að bregðast við atburðum utan skipulags almannavarna og má þar nefna Borgarfjarðardeild og Grundarfjarðardeild sem báðar aðstoðuðu þolendur eldsvoða. Akureyrardeild og Dalvíkurdeild stofnuðu sameiginlega viðbragðshóp í október en hann skipar hluti af skyndihjálparhópi deilda á Norðurlandi. Fleiri deildir ihuga stofnun sams konar hópa. ■

Hjálparsími Rauða krossins 1717

– greiður aðgangur að hjálp á tímum kreppu og flensufaraldurs

Sjálfbóðaliði Hjálparsímans svarar í símann. Símtalið er frá karli sem hefur nýlega misst vinnuna og ákvað að hringja í 1717 til að létta á huga sínum. Honum líður mjög illa og er mikið niðri fyrir. Sjálfbóðaliðinn hlustar þolinmóður á sögu mannsins, sem virðist niðurbrotinn og hræddur við hvað framtíðin beri í skauti sér. Sjálfbóðaliðinn reynir að hughreysta hann, bendir honum á ýmis úrræði í samfélaginu og hvetur hann til að láta ekki deigan síga.



Þetta er aðeins eitt dæmi af nærri 26.000 símtölum sem Hjálparsímanum bárust árið 2009. Það eru tæplega 2000 fleiri símtöl en bárust á árinu 2008 eða um 8% aukning símtala. Símtölin voru frá fólki á öllum aldri og af ýmsum toga. Algengast var að fólk hringdi vegna sálrænna vandamála á borð við geðraskanir, félagslega einangrun, kvíða eða þunglyndi. Áttatíu og tveir sjálfbóðaliðar skiptust á um að svara símtölum og vörðu til þess samtals 4912 klukkustundum. Auk sjálfbóðaliðanna svöruðu fimm starfsmenn í símann.

Samfélagslegt úrræði í kreppu

Hjálparsíminn gegndi mikilvægu hlutverki við að benda fólki á úrræði í samfélaginu tengd kreppunni. Hátt í 300 símtöl bárust vegna fjármálavandkvæða, rúmlega 80 mátti rekja til atvinnuleysis og 75 til húsnæðismála. Þá hélt Hjálparsíminn tvær átaksvikur en í þeirri fyrri var athygli landsmanna vakin á málefnum barna á kjölfar erfiðra tíma í efnahagslífi undir yfirskriftinni *Hlustum á börnin*. Í síðari átaksvikunni var umfjöllunarefnið *Einelti*.

Upplýsingasími vegna flensufaraldurs

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Hjálparsímans veittu allar almennar upplýsingar um Inflúensu A (H1N1)v (svínaflensuna) í gegnum gjaldfrjálsa númerið 1717. Hjálparsíminn tók að sér það verkefni að aðstoða landlæknisembættið við að veita almennar upplýsingar um flensuna - til þess að létta álagið á heilsgæslustöðvarnar og Læknavaktina. Læknavaktin setti upp símsvara með valmöguleika um að innhringjandi gæti fengið samband við Hjálparsíma Rauða krossins 1717 ef óskað væri eftir almennum upplýsingum um inflúensuna. Þar sem svarendur Hjálparsíma Rauða krossins svara aðeins almennum upplýsingum gátu þeir gefið til baka á Læknavaktina ef spurningarnar snerust um veikindi þess sem hringdi, þ.e. faglegar upplýsingar.

Sjálfbóðaliðar og starfsmenn Hjálparsímans fengu staðgóða fræðslu frá landlæknisembættinu um inflúensuveiruna og voru þar af leiðandi vel í stakk búnir til þess að svara almennum spurningum. Einnig voru upplýsingar settar inn í rafræna handbók 1717 sem voru uppfærðar eftir þörfum í samráði við landlæknisembættið.

Afmæli Hjálparsímans

Haldið var upp á afmæli Hjálparsímans þann 1. mars en þá voru fimm ár liðin síðan starfsemi símans varð að þeirri mynd sem hann starfar eftir í dag. Á þeim tímamótum voru heiðraðir sjálfbóðaliðar og starfsmenn sem hafa unnið tvö ár eða lengur. Í tilefni afmælisins var einnig gefinn út veglegur bæklingur um sögu og starfsemi Hjálparsímans sem dreift var á allar heilsugæslu- og þjónustumiðstöðvar landsins, í grunnskólana og til allra deilda Rauða krossins.

Hjálparsíminn hefur frá stofnun lagt mikið upp úr því hlutverki að veita upplýsingar um samfélagsleg úrræði og þjónustu til ein-

staklinga um hin ýmsu mál. Á þessum fimm árum hafa sjálfbóðaliðar tekið á móti 100.000 símtölum. Fjöldi símtala hefur aukist jafnt og þétt en aukningin varð gríðarleg á fyrsta árinu eftir efnahagshrunið, eða um 40%. Fjöldi símtalanna sýnir að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu í samfélaginu og það er ómetanlegt starf sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins hafa unnið til að tryggja það að þeir sem staddir eru í vanda hafi greiðan aðgang að hjálp af þessu tagi.

Hjálparsími Rauða krossins 1717 er landsverkefni allra deilda Rauða krossins. Hann sinnir því hlutverki að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og einlægni við hlutlausan aðila. Hjálparsíminn veitir einnig upplýsingar um þjónustu og aðstoð einstakra deilda Rauða krossins. Einkunnarorð 1717 eru hlutleysi, skilningur, nafnleysi og trúnaður. Allir sem starfa við 1717 eiga það sameiginlegt að vilja sýna náungakærleika og vera til staðar fyrir þá sem þurfa á einhverjum að halda til að ræða við. ■



Saumað og þrjónað sem aldrei fyrr

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins framleiddu um helmingi meira af ungbarnafatnaði sem sendur var utan til neyðaraðstoðar en í fyrra. Alls voru sendir út um 4500 pakkar; 2000 ungbarnapakkar til Hvíta-Rússlands og 2459 pakkar til Malaví en árið 2008 fóru samtals 2610 til Malaví og Gambíu.

Hlý fót fyrir Hvíta-Rússland

Deildir Rauða kross Íslands víða um land brugðust skjótt við neyðarbeiðni frá Rauða krossi Hvíta-Rússlands í október um hlý fót fyrir veturinn.

Óskað var eftir um 2000 svokölluðum ungbarnapökkum fyrir börn að eins árs aldri. Pakkarnir innihalda m.a. þykka peysu, nærfatnað, sokka, húfu, handklæði, teppi og taubleiur. Í Hvíta-Rússlandi búa tíu milljónir manna og þar eru vetur mjög harðir. Frostið fer niður í 20 gráður. Sökum fátæktar og vetrarhörku geta aðstæður því verið mjög erfiðar á heimilum fyrir munaðarlaus eða fötluð börn og á heimilum tekjulágra fjölskyldna.

Ársframleiðsla á tveimur mánuðum

Sjálfbóðaliðar um land allt bjuggu til ungbarnafatnað og víða voru virkjuð kvenfélög og hópar eldri borgara. Alls tókst að útbúa 2000 pakka á tveimur mánuðum og voru þeir sendir til Hvíta-Rússlands um miðjan desember. Framtakið samsvarar ársframleiðslu á pökkum hingað til. Ungbarnapökkunum var dreift til heimila fyrir munaðarlaus börn og til stofnana fyrir veik og fötluð ungbörn. Einnig var farið með pakka til fátækra fjölskyldna með nýfædd börn í afskekktum þorpum.

Kynningarátak Fatasöfnunar Rauða krossins

Starfsemi Fatasöfnunar var með hefðbundnum hætti á árinu. Í október var farið í sérstakt kynningarátak með dreifingu áprentaðra poka með hvatningu til Íslendinga um að láta allan fatnað renna til Rauða krossins. Söfnunarátakið tókst mjög vel og viðbrögð voru afar góð um allt land. Fluttir voru utan 59 gámar af fatnaði eða samtals um 795 tonn. Það er ívið minna en árið áður en þá voru flutt út samtals 1076 tonn.

Fleiri fengu úthlutað fatnaði en árið áður

Fatasöfnun Rauða krossins úthlutaði fatnaði til rúmlega 1800 einstaklinga en um 1500 einstaklingar fengu úthlutað fötum árið áður. Auk þess fengu stofnanir eins og fangelsi, meðferðarstofnanir og lögreglan fót fyrir skjólstæðinga sína. Einnig var hlapið undir bagga með hælisleitendum og þeim sem misstu allt sitt í eldsvoða. Töluvert var um að beiðni bærust frá deildum Rauða krossins úti á landsbyggðinni um fót fyrir bágstadda einstaklinga og var reynt að bregðast fljótt og vel við þeim.

Fatasöfnun mikilvæg fjáröflun fyrir Hjálparsjóð Rauða krossins

Fatasöfnun Rauða krossins er orðin eitt mikilvægasta fjáröflunarverkefnið fyrir Hjálparsjóð Rauða kross Íslands. Árið 2009 greiddi Fatasöfnun 38 milljónir í Hjálparsjóðinni. Frá upphafi verkefnisins hefur þá Fatasöfnun



Rauði krossinn dreifði í samvinnu við Eimskip, SORPU og Pósthúsið sérmerktum fatapokum um allt land til að auðvelda landsmönnum að taka til hjá sér og koma gömlum fatnaði í notkun að nýju eða í endurvinnslu. Myndin er tekin í fatamóttökunni á Akureyri.



Álftanesdeild Rauða krossins og Félag eldri borgara á Álftanesi unnu saman að því að útbúa ungbarnapakka sem sendir voru til Hvíta-Rússlands í desember.

greitt yfir 100 milljónir í sjóðinn. Um 200 sjálfbóðaliðar komu að fatasöfnun, sumir með verulegt reglubundið vinnuframlag en aðrir minna og stopulla.

Fatasöfnun tekur virkan þátt í verkefninu *Föt sem framlag* sem 26 af 50 deildum Rauða krossins voru með árið sem leið. Fatasöfnun leggur af mörkum eitt og annað í barnapakkana og sér síðan um að safna þeim saman og lesta í gám. ■

Í Malaví vinnur Rauði kross Íslands einkum að heilbrigðisverkefnum og að eflingu fæðuöryggis til að bregðast við uppskerubresti vegna flóða og þurrka.



Loftslagsbreytingar skipa stóran sess í nýrri stefnu Rauða krossins

Rauði krossinn varar við áhrifum loftslagsbreytinga sem ógna lífi milljóna manna um allan heim og eru helsta orsök náttúruhamfara af völdum veðurs. Því er lífsnauðsynlegt að leggja meira fé til almannavarna, draga úr hættu sem stafar af náttúruhamförum og gera samfélög betur til þess fallin að verjast áföllum.

Rauði kross Íslands hefur leitast við að innleiða varnir gegn áhrifum loftslagsbreytinga í samstarfsverkefnum sínum með Rauða kross félögum í Afríku, og þá sérstaklega í Malaví þar sem afleiðingar loftslagsbreytinga hafa nú þegar haft mikil áhrif á afkomu fólks.

Uppbygging í Malaví

Í Malaví vinnur Rauði kross Íslands einkum að heilbrigðisverkefnum og að eflingu fæðuöryggis til að bregðast við uppskerubresti vegna flóða og þurrka. Á undanförunum árum hefur breytt veðurfar sett mark sitt á afkomu þeirra veikustu í samfélaginu því ekki er lengur að treysta á að regntímabilið hefjist á réttum tíma og rýsjótt veðurfar veldur flóðum á einum stað og þurrkum á öðrum – oft þar sem slíkt hefur aldrei áður tíðkast.

Rauði kross Íslands hefur unnið að uppbyggingu alnæmisverkefna í Malaví í tæp 10 ár. Alnæmissjúkir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir afleiðingum uppskerubrests. Rauði krossinn hefur því einbeitt sér að því að auka fæðuöryggi þessa hóps með því að hafa áveitu- og garðyrkjuverkefni fyrir alnæmisveika inni í heilbrigðisverkefnum sínum.

Umhverfismál hjá Rauða krossi Íslands

Ný umhverfisstefna Rauða kross Íslands var samþykkt á aðalfundi félagsins í maí í Vík í Mýrdal. Rauði kross Íslands varð þar með hið fyrsta af 186 landsfélögum Rauða kross hreyfingarinnar til að marka sér formlaga stefnu um að draga úr loftslagsbreytingum í heiminum.

Rauði kross Íslands hefur unnið að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi landsskrifstofu. Daglegur rekstur og verk eru unnin í takt við hina nýju umhverfisstefnu félagsins, svo sem endurvinnsla á pappír og flokkun á sorpi og fatasöfnun.

Margar deildir félagsins hafa fengið sér endurvinnslutunnur og/eða fatagáma, tamið sér að prenta og ljósrita báðum megin á blöð, nota ekki ílát og hnifapör úr plasti eða pappa í daglegu starfi og tryggja að spilliefnum sé skilað í spilliefnagáma. Við innkaup á vörum er haft að leiðarljósi að varan sé umhverfisvæn og umhverfisvottuð. Starfsfólk er meðvitað um rafmagnsnotkun, slekkur á ljósum og raftækjum í lok vinnudags og notar sparperur þar sem það á við.

Fatasöfnun er eitt stærsta umhverfisverkefni félagsins en fjallað er um það annars staðar í ársskýrslunni.

Á aðalfundi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Nairobi í nóvember tóku fulltrúar Rauða kross Íslands til máls í málstofu um umhverfismál og héldu þar á lofti þeim áherslum sem fram koma í umhverfisstefnu félagsins. Á fundinum var samþykkt stefna Alþjóðasambandsins til ársins 2020 en þar hafa loftslagsbreytingar og umhverfismál umtalsvert vægi.

Bifreiðafloti félagsins er stór og vege sjúkralilarnir þar auðvitað langþingst. Heildarkolefnislosun bílaflotans var um 540 tonn. Eins og við er að búast er losun frá yngri bifreiðum minni en þeim eldri. Stöðug endurnýjun sjúkralíaflotans er því bæði umhverfis- og öryggismál. ■

Mansal

– líka á Íslandi!



Ísland er fjarri því að vera einungis gegnumstreymisland fyrir fórnarlömb mansals. Gera má ráð fyrir að tugir einstaklinga sem dvelja til lengri eða skemmri tíma hér á landi falli undir skilgreiningar mansals. Þetta mátti lesa úr niðurstöðum skýrslu sem Rauði kross Íslands lét vinna og gefin var út í september. Þetta er fyrsta rannsókn sem gerð er um eðli og umfang mansals hérlandis.

Jafnt konur og karlar geta verið fórnarlömb mansals en þó er munur á eðli þeirra mála eins og kemur fram í skýrslu Rauða krossins **Mansal – líka á Íslandi**. Konurnar eru nær undantekningarlaust einnig fórnarlömb kynbundins ofbeldis og lenda í slæmum aðstæðum vegna kynferðis síns.

Úrræði fyrir fórnarlömb mansals

Um var að ræða grunnrannsókn á þessu viðfangsefni. Rannsóknastofa Háskóla Íslands í kvenna- og kynjafræðum vann rannsóknina fyrir Rauða krossinn.

Fólksflutningar milli landa, bæði löglegir og ólöglegir, eru eitt aðalviðfangsefni Rauða kross félaga í Evrópu. Rauði kross Íslands hefur átt þátt í að móta samevrópska stefnu um hvernig bregðast megi við skuggahlíðum síaukinna fólksflutninga milli landa og aðstoða þá hópa sem lenda á jaðri samfélagsins. Í þessu samstarfi hefur Rauði krossinn fundið áþreifanlega fyrir því hversu lítið er vitað um mansal hér á landi.

Í nóvember 2007, á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins sem haldin er fjórða hvert ár með fulltrúum Rauða kross félaga og ríkisstjórna þeirra, lagði Rauði kross Íslands fram áheiti um að félagið myndi rannsaka og meta aðstæður hugsanlegra fórnarlamba mansals á Íslandi. Í framhaldi af því var leitað til Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og hún beðin um að vinna rannsóknina.

Unnið að því að uppræta mansal

Reynsla annarra þjóða sýnir að því betri gaumur sem málefnum fórnarlamba mansals er gefinn og þekking á þeim eykst þeim mun fleiri mál koma upp á yfirborðið. Þegar lönd

hafa fullgilt alþjóðlega samninga sem vinna að því að uppræta mansal leita því fleiri fórnarlömb sér aðstoðar.

Í rannsóknarskýrslunni eru rakin 16 mansalmál sem upp hafa komið hér á landi á undanförunum árum og eru þau jafn misjöfn og þau eru mörg. Rannsóknin byggir á viðtölum við 19 einstaklinga sem starfa á vegum hins opinbera, innan stærri samtaka eða hjá frjálsum félagasamtökum. Í viðtölunum komu fram mál 59 einstaklinga sem eru þolendur mansals og hafa leitað sér aðstoðar hér á landi á síðustu þremur árum. Í 18 tilvikum kemur við

sögu skipulögð kynlífsstarfsemi. Önnur mál tengjast konum sem starfa við heimilishjálp, konum sem giftast hingað til lands, íslenskum eða erlendum ríkisborgurum, og fólki sem starfar við byggingarvinnu, á veitingahúsum og við ræstingar. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á fjölmennu málþingi sem haldið var í Háskóla Íslands 2. september.

Eftir að skýrslan kom út á haustdögum hafa tvö mansalmál komið til kasta lögreglu. Dómur féll nýverið í öðru málanna þar sem sakborningar voru dæmdir í fangelsi. Fórnarlambið og vitni fengu vernd yfirvalda. ■



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti nokkrar deildir Rauða kross Íslands í Rauðakrossvikunni sem helguð var neyðarviðbrögðum. Hér kynnr hann sér starfsemi Suðurnesjadeildar. Með honum á myndinni eru Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands, og Karl Georg Magnússon, stjórnarmaður Suðurnesjadeildar.



RAUÐAKROSSVIKAN 2009

Eitt þúsund manns gengu til liðs við Rauða kross Íslands

Rúmlega 1000 manns víðs vegar af landinu gerðust sjálfbóðaliðar LIÐSAUKA Rauða krossins í Rauðakrossvikunni 12.–17. október. Einnig var töluvert um að fólk skráði sig til leiks í hefðbundin sjálfbóðaliðaverkefni.

Rauði kross Íslands blés í lúðra og kynnti innanlandsverkefni félagsins undir yfirskriftinni *Ertu til þegar á reynir?* Ætlunin var að safna sjálfbóðaliðum til að taka þátt í viðbrögðum félagsins við neyð. Óskað var eftir fólki sem er reiðubúið að aðstoða á tímum áfalla þegar tafarlaust getur reynst þörf á að kalla út sjálfbóðaliða til að rétta þolendum hjálparhönd.

Þessi LIÐSAUKI Rauða krossins er eins konar varalið sem kallað er út við margvíslegar aðstæður, allt frá náttúruhamförum til persónubundinna áfalla. Með átakinu var reynt að koma til móts við fólk sem vill gefa kost á sér til að nýta reynslu sína og þekkingu þegar mikið liggur við, en hefur ekki haft færi á að binda sig í einstök verkefni Rauða krossins. LIÐSAUKINN er viðbót við þá 3000 sérþjálfuðu sjálfbóðaliða Rauða krossins sem eru tilbúnir að tryggja velferð almennings.

Leitað var eftir fólki með margvíslegan bakgrunn því verkefnið eru jafn fjölbreytt og aðstæðurnar sem við lendum í. Hlutverk sjálfbóðaliða í LIÐSAUKA getur til dæmis verið símsvörun, túlkun af erlendum tungumálum, þýðingar, barnapössun, skráning, matreiðsla eða sálrænn stuðningur.

Deildir um allt land nýttu Rauðakrossvikuna vel til að kynna neyðarviðbrögð félagsins á sínum heimaslóðum og hvetja heimamenn til að skrá sig sem sjálfbóðaliða í LIÐSAUKA. Margar skipulögðu kynningar í skólum, voru með opin hús og söfnuðu sjálfbóðaliðum til að mynda í verslunarmiðstöðvum eða á öðrum opinberum stöðum.

Hápunktur vikunnar var svo hinir manngerðu rauðu krossar sem deildir mynduðu með sjálfbóðaliðum sínum og velunnurum Rauða krossins, hver á sínum stað. Krossarnir voru



ERTU TIL ÞEGAR Á REYNIR?



Sjálfbóðaliðar af höfuðborgarsvæðinu mynduðu rauðan kross á Höfðatúni í Reykjavík.

myndaðir um allt land og var þátttaka góð þrátt fyrir misjafnt og rysjótt veður á mörgum stöðum.

Arionbanki studdi þetta átak Rauða krossins – ekki eingöngu með peningastyrk heldur skráðu um 200 starfsmenn bankans sig sem LIÐSAUKA þegar á reynir. ■



Börnin á námskeiðinu Mannúð og menning hjá Reykjavíkureild heimsóttu Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.



Rauðakrossdeildirnar á Vestfjörðum héldu sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 10 til 11 ára í júní. Krakkarnir æfðu sig meðal annars í að veita hver öðrum skyndihjálp með góðum árangri.

Rauði krossinn léttir undir með barnafjölskyldum

Rauði krossinn sinnti ýmsum verkefnum til að aðstoða ungt fólk í gegnum yfirstandandi þrengingar í íslensku samfélagi. Búist var við að fjöldi barna og ungmenna gæti ekki sótt sumarnámskeið sökum fjárskorts. Deildir Rauða krossins víða um land brugðu því á það ráð að bjóða börnum og ungu fólki upp á spennandi námskeið yfir sumartímann, oftast þeim að kostnaðarlausu eða gegn vægu verði.

Mannúð og menning

Um 270 börn sóttu námskeiðið *Mannúð og menning* sem Reykjavíkureild, Kjósarsýsludeild og Garðabæjardeild Rauða krossins buðu ókeypis í sumar fyrir börn á aldrinum 7–9 ára og 10–12 ára. Á námskeiðinu var lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Þátttakendur fræddust um Rauða kross starf, skyndihjálpar, mismunandi menningarheima og umhverfið. Meðal efnis á námskeiðinu voru undirstöðuatriði skyndihjálpar, umhverfismál, skapandi leikir, saga og starf Rauða krossins, fjölmennarleggt samfélag og uppskeruhátíð.

Gleðidagar

Rauði kross Íslands stóð í samvinnu við Öldrunarráð Íslands fyrir óvenjulegum og ókeypis sumarnámskeiðum fyrir börn undir yfirskriftinni *Gleðidagar – hvað ungur nemur, gamall*

temur. Samtals sóttu 97 börn á aldrinum 7–12 ára námskeiðið sem haldið var á fimm stöðum, fjórum á höfuðborgarsvæðinu og einum á Akranesi. Um var að ræða tilraunaverkefni með það markmið að tengja saman eldri og yngri kynslóðir þar sem gömlum gildum og þekkingu var miðlað frá hinum eldri til hinna yngri. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru að mestu eldri borgarar og var hverjum í sjálfsvald sett hverju hann vildi miðla til ungu kynslóðarinnar. Því var um ákaflega fjölbreytta dagskrá að ræða þar sem hugarflug og kunnátta þeirra eldri réði för. Meðal annars var farið í útileiki og vettvangsferðir eftir því sem umhverfi hvers staðar leyfði. Rúmlega 20 sjálfboðaliðar Rauða krossins og þrjú nemendur félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands komu að námskeiðunum og í heildina leiðbeindu 20 til 30 aldraðir börnunum um ákveðin viðfangsefni.

Sumarnámskeið fyrir börn á norðanverðum Vestfjörðum

Rauðakrossdeildirnar á norðanverðum Vestfjörðum héldu sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 10–11 ára. Á námskeiðinu var lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Einnig var farið í útileiki og vettvangsferðir.

Börn og umhverfi

Deildir Rauða krossins víða um landið héldu námskeið fyrir börn 12 ára og eldri sem umgangast yngri börn. Á námskeiðinu var farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt var um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð var áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slyshættur í umhverfinu ásamt því að fara ítarlega í kennslu í skyndihjálpar. Að auki fengu þátttakendur inn-sýn í sögu og starf Rauða krossins. ■

Landsfundur Ungmennahreyfingar Rauða krossins var haldinn í apríl. Á myndinni er ný stjórn ásamt Jóni Brynjari Birgissyni, starfsmanni á landsskrifstofu: Fremri röð frá vinstri: Ágústa Ósk Aronsdóttir, Unnur Tryggvadóttir Flóvenz, Guðný Halla Guðmundsdóttir og Svava Traustadóttir. Aftari röð frá vinstri: Jón Brynjar Birgisson, Margrét Inga Guðmundsdóttir, Vera Sveinbjörnsdóttir, Pálína Björk Matthíasdóttir, Anna Dalrós Guðjónsdóttir og Gisli Sigurður Gunnlaugsson.



Margvísleg verkefni með ungu fólki

Ungt fólk gegnir mikilvægu hlutverki í starfi Rauða krossins um allan heim. Á Íslandi unnu ungir sjálfbóðaliðar í Rauða krossinum ötullega að því að auka þátttöku og áhrif ungs fólks í félaginu, með því að koma hugmyndum sínum á á framfæri og hlutum í verk í gegnum ýmis verkefni félagsins - og skapa ungmennum betri vettvang til að sinna Rauða kross starfi.

Hús unga fólksins í Austurbæjarbíói

Hátt í 400 ungmenni sinntu margvíslegum verkefnum í Austurbæjarbíói – húsi unga fólksins þar sem opnuð var miðstöð þann 9. júní fyrir ungt fólk sem vildi virkja krafta sína í frjóu og hvetjandi umhverfi. Markmið miðstöðvarinnar var að veita aðstoð og aðstoðu við framkvæmd hugmynda ungs fólks, bjóða upp á fjölbreytilega dagskrá í húsinu og virkja krafta ungs fólks við andlitslyftingu Austurbæjarbíós ásamt því að bjóða upp á hressingu. Haft var að leiðarljósi að skapa vettvang þar sem öllum væri frjálst að koma á sínum eigin forsendum og taka þátt í verkefnum með öðru fólki í góðu umhverfi. Verkefnið var samstarfsverkefni Reykjavíkurreiðar Rauða krossins, Samfélagsins Frumkvæði, Hins hússins, Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

Sumarbúðir Ungmennahreyfingar Rauða krossins

Sumarbúðir Ungmennahreyfingar Rauða krossins voru haldnar dagana 8.–12. ágúst 2009 að Löngumýri í Skagafirði. Búðirnar voru opnar öllum unglingum á aldrinum 12–16 ára. Í dag-skrá mótsins var blandað saman bæði gamni



Farið var í ýmsa leiki á sumarbúðum Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands í ágúst.

og alvöru. Unnið var með viðhorf þátttakenda til ýmissa hópa og fengu þeir meðal annars tækifæri til að setja sig í spor þeirra í formi hlutverkaleikja. Einnig var mikið lagt upp úr leikjum, ferðum, kvöldvökum og annari skemmtun.

Ungt fólk til áhrifa

Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands stóð fyrir opnum umræðufundi um málefnið Ungt fólk til áhrifa hjá Rauða krossi Íslands þann 18. febrúar. Um 50 manns sóttu fundinn en tilefni hans var niðurstöður úttektar URKÍ á þátttöku ungs fólks í starfi félagsins. Þær sýndu að tæplega 30% af sjálfbóðaliðum



Uppskeruhátíð í Austurbæjarbíói – Húsi unga fólksins í sumar.



Fjölmennt var á umræðufundi URKÍ um ungt fólk til áhrifa í Rauða krossinum.

Rauða kross Íslands voru 30 ára og yngri – en einungis tæp 6% stjórnarmanna í deildum voru á sama aldri. Í kjölfar fundarins jókst hlutur ungs fólks í stjórnnum deilda. ■

Fjöldmargir kynntu sér málefni og menningu flóttafólks og hælisleitenda á alþjóðadegi flóttamanna laugardaginn 20. júní. Rauði kross Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna stóðu að opnu húsi í listahúsinu StartArt, á Laugavegi í Reykjavík. Þar var athygli vakin á stöðu flóttafólks og allra þeirra sem neyðast til að leggja á flóttu. Jafnframt var bent á þátt flóttafólks við að byggja hér betra samfélag og auðga íslenska menningu og mannlíf.



Aukið sjálfbóðið starf í þágu hælisleitenda

Rauði krossinn styrkti enn frekar sjálfbóðið starf í þágu hælisleitenda og lagði aukna áherslu á réttindagæslu hælisleitenda og málsvarahlutverk gagnvart stjórnvöldum.

Málefni hælisleitenda voru talsvert til umfjöllunar í fjölmiðlum og í samfélaginu. Má einkum rekja þá umræðu til ákvörðunar íslenskra stjórnvalda um að endursenda hælisleitendur til Grikklands á grundvelli Dublinar samstarfsins þvert á tilmæli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossins og fleiri aðila.

Rauði kross Íslands hefur síðan sumarið 2008 ítrekað beint þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að virða tilmæli Flóttamannastofnunar og láta af endursendingum hælisleitenda til Grikklands þar til að ljóst sé að Grikkland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar gagnvart þeim einstaklingum sem þar óska verndar, bæði hvað varðar málsmeðferð og aðbúnað.

Sjálfbóðin þjónusta á sviði réttindagæslu, heimsóknna og félagsstarfs

Í þeim tilfellum sem stjórnvöld ákváðu að senda bærni hælisleitendur til Grikklands fékk Rauði krossinn lögmann til að gæta hagsmuna hælisleitenda. Stjórnvöld sjá hælisleitendum ekki fyrir lögfræðiaðstoð á meðan mál þeirra er til meðferðar hjá Útlendingastofnun og ekki heldur þegar hælisleitendur kæra ákvörðun um endursendingu á grundvelli Dublinar samstarfsins.

Hafnarfjarðardeild Rauða krossins kom á laggirnar hópi 15 sjálfbóðaliða til að sinna réttindagæslu í þágu hælisleitenda en í hópnum eru laganemar og lögfræðingar. Hópurinn fékk þjálfun og fræðslu frá landsskrifstofu Rauða krossins, lögmanni og fulltrúum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Félagið leggur þó áfram áherslu á að það eigi að vera hlutverk stjórnvalda að bjóða hælisleitendum að fá skipaðan löglerðan talsmann til að gæta hagsmuna þeirra og aðstoða með umsókn um hæli.

Heimsóknarþjónusta fyrir hælisleitendur sem starfrækt hefur verið hjá Hafnarfjarðardeild frá árinu 2006 var efl. Hópur sjálfbóðaliða tók að sér að koma á ýmsu félagsstarfi í samvinnu við hælisleitendur. Tveir fyrirverandi hælisleitendur sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum taka þátt í starfi hópsins.

Þátttaka Rauða krossins í nefnd um meðferð hælisumsókna

Í kjölfar ógildingar Hæstaréttar á ákvörðun Útlendingastofnunar og dómsmálaráðuneytis í máli hælisleitenda frá Mánitaníu og álits umboðsmanns Alþingis skipaði dómsmálaráðherra nefnd í apríl 2009 sem skyldi fara yfir meðferð hælisumsókna. Fulltrúi Rauða kross Íslands átti sæti í nefndinni. Nefndin skilaði af sér skýrslu og tillögum til úrbóta í júlí 2009.

Tillögur nefndarinnar eru flestar í samræmi við áherslur Rauða kross Íslands í málefnum hælisleitenda. Hins vegar fékk tillaga Rauða krossins um að hælisleitendum yrði skipaður talsmaður frá upphafi hælisumsókna ekki brautargengi og ekki heldur tillaga um að skoðaðir yrðu nánar kostir og gallar þess að koma á sjálfstærri stjórnsýslunefnd eða dómstóli til að fjalla um kærur á neikvæðum ákvörðunum hælisleitenda.

Hælisleitendum á Íslandi fækkar milli ára

Þrjátíu og fimm einstaklingar sóttu um hæli á Íslandi árið 2009, þar af eitt barn sem fæddist hérlandis á meðan mál foreldra þess var til meðferðar. Þetta er rúmlega helmingsfækkun frá árinu 2008. Hlutfall þeirra sem veitt var alþjóðleg vernd á árinu 2009 var hærra en það hefur verið eftir að Ísland gerðist aðili að Dublinar samstarfinu. Alls var 17 einstaklingum veitt vernd. Fimm hælisleitendum var veitt réttarstaða flóttamanns, þar af tveimur sem aðstandendum á grundvelli 3. mgr. 46. gr. útlendingalaga. Tólf hælisleitendum var veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Útlendingastofnun veitti öll leyfin fyrir utan tvö tilfelli þegar dómsmálaráðuneytið lagði fyrir að veitt yrði dvalarleyfi af mannúðarástæðum. ■

Sendifulltrúar Rauða kross Íslands

Alnæmi, kólera, malaría, þurrkar, flóð, jarðskjálftar, stríð og almenn fátækt meðal viðfangsefna.

Tuttugu og tveir sendifulltrúar störfuðu fyrir Rauða kross Íslands á árinu. Sendifulltrúarnir sinntu sérfræðistörfum við að bregðast við neyð vegna faraldra, náttúruhamfara, stríðsátaka og almennrar fátæktar ásamt því að bæta viðbragðskerfi Rauðakrosshreyfingarinnar, sinna málsvarastarfi og aðstoða önnur félög Rauða krossins við að efla þjónustu við skjólstæðinga Rauða krossins á vettvangi.

Níu verkefni í Afríku, flest vegna faraldra og almennrar fátæktar

Flest og umfangsmestu verkefni sendifulltrúa Rauða kross Íslands voru unnin í samstarfi við Rauða krossinn í Afríku. Í upphafi árs var brugðist við neyðarbeiðni frá Simbabwe. Hildur Magnúsdóttir og Marianna Csillag fóru þangað til starfa. Verkefni þeirra var að hjúkra sjúklíngum smituðum af kólera ásamt því að hefta frekari útbreiðslu faraldursins. Í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku störfuðu Hólmfríður Garðarsdóttir og Nína Helgadóttir í þágu barna og annarra sem líða skort vegna alnæmis og langvarandi fátæktar.

Baldur Helgason starfaði einnig í sunnanverðri Afríku við dreifingu hjálpargagna vegna flóða fyrri hluta ársins. Seinni hluta ársins starfaði Baldur í birgðastöð Alþjóða Rauða krossins í Dúbæ þar sem hann hafði umsjón með dreifingu hjálpargagna til Afríku vegna neyðarástands. Hlín Baldvinsdóttir starfaði að dreifingu moskítóneta til að hefta útbreiðslu malaríu víðsvegar um Afríku ásamt því að aðstoða Rauða krossinn í Gambíu við að byggja upp fjármálasvið félagsins.



Magnús Hartmann Gíslason, verkfræðingur og sendifulltrúi Rauða kross Íslands, starfaði á vegum Alþjóða Rauða krossins við spítala í Kandahar. Vegna öryggisástandsins í landinu ferðast sendifulltrúar með vel merktri flugvél á vegum Alþjóða Rauða krossins.

Höskuldur Friðriksson fór til Nígeríu til að taka út sjúkraflutningaþjónustu í landinu og gefa ráð um aðkomu Rauða kross Nígeríu að henni. Niðurstaða Höskuldar var að fýsilegra væri að Rauði krossinn eflði frekar skyndihjálparþekkingu í landinu en tæki ekki að sér sjúkraflutninga. Í lok árs fór Ómar Valdimarsson til Eþíópíu þar sem hann skrifaði skýrslu um ástandið vegna þurrka og uppskerubrests. Skrif Ómars komu að miklu gagni við fjáröflun vegna viðbragða við neyðarástandinu.

Fjögur verkefni í Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu vegna stríðsátaka og þurrka

Stríðsátök í Mið-Austurlöndum kölluðu á aðstoð og vernd þeirra sem ekki tóku þátt í átökunum. Felix Valsson, Hildigunnur Svavarsdóttir, Stefnir Snorrason og Lárus Petersen fóru til Palestínu í september til að þjálfa sjúkraflutningamenn Rauða hálfmánans í endurlífgun og sjúkraflutningum en Rauði hálfmáninn í Palestínu sér um stóran hluta sjúkraflutninga á Vesturbakkanum og á Gasaströnd en hefur ekki bolmagn til að veita nauðsynlega þjálfun.

Magnús Hartmann Gíslason starfaði í Kandahar í Afganistan þar sem hann hafði umsjón með endurnýjun raflagna í stærsta sjúkrahúsinu í þessari stríðshrjáðu borg. Valgerður Grímsdóttir þjálfaði heilbrigðisstarfsfólk í Najaf í Írak og tók þátt í að efla bráðaðþjónustu í borginni. Kristjón Þorkelsson fór til Síurlands og ráðlagði heimafólki um viðbrögð við þurrkum í norðanverðu landinu.

Þrjú verkefni í Austurálfu við að efla varnir gegn vö

Í Austurálfu störfuðu Helga Bára Bragadóttir, Þór Daniélsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Á Suva í Fidjeyjum vann Helga Bára Bragadóttir að málsvarastarfi fyrir Rauða krossinn. Hún hafði þar þann starfa að stuðla að skilvirkari lögum og reglum á landsvísi um hlutverk Alþjóða Rauða krossins þegar veita þarf þolendum náttúruhamfara utanaðkomandi aðstoð.



Marianna Csillag starfaði á neyðarsjúkrahúsi norska Rauða krossins í Simbabwe í fjórar vikur í byrjun árs vegna kólerufaraldurs. Marianna er hér (t.v.) ásamt starfssystur að að reisa tjald sem sjúkrahúsið var rekið í.

Þór lauk störfum snemma árs sem yfirmaður sendinefndar Alþjóða Rauða krossins í Mongólíu en sem slíkur hafði hann aðstoðað Rauða krossinn þar í landi í tæp þrjú ár við að styrkja fjárhagslegan grundvöll félagsins og við að efla starf þess í þágu bágstaddra hirðingja sem líða skort vegna þurrka og almennrar fátæktar.

Þórunn fór í október til Kákasusríkanna Georgíu, Armeníu og Aserbædjan á vegum Alþjóða Rauða krossins til að kanna stöðu neyðarvarna í löndunum þremur og aðkomu félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans á svæðinu að vörnum gegn vö. Rauða kross félög Danmerkur og Íslands vinna nú saman að verkefni sem byggt er á tillögu teymisins sem Þórunn leiddi.

Fjögur verkefni í höfuðstöðvum Rauða krossins við neyðarvarnir og málsvarastarf


Í því augnamiði að efla viðbragðskerfi Rauða kross hreyfingarinnar störfuðu David Lynch og Karl Sæberg Júlíusson hjá aðalskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Genf. David var í ráðgjafateymi um neyðarviðbrögð og þjálfaði starfsfólk og sjálfbóðaliða. Karl starfaði sem öryggisfulltrúi og sá sem slíkur um að aðstoða sendinefndir Rauða krossins við að koma upp öryggisstöðlum og verklagsreglum til að tryggja öryggi hjálparstarfsfólks á vettvangi.

Í Kaupmannahöfn starfaði Héðinn Halldórsson hjá Setri Rauða krossins um sálrænan stuðning. Héðinn sá þar aðallega um útgáfu- og kynningarmál um mikilvægi sálræns stuðnings í verkefnum Rauða kross hreyfingarinnar.

Michael Schulz lauk störfum á árinu sem talsmaður Rauða krossins gagnvart Sameinuðu þjóðunum en Michael hafði með störfum sínum til þriggja ára stuðlað að því að koma mannúðarmálum Rauða krossins á dagskrá hjá aðalskrifstofum Sameinuðu þjóðanna í New York. ■

Kreppan lengir biðraðir eftir mat og fatnaði í Evrópu

Rauði kross Íslands tók þátt í gerð skýrslu Alþjóðasambands Rauða kross félaga um áhrif hinnar alþjóðlegu bankakreppu á almenning í Evrópu.



Skýrsla Alþjóðasambands Rauða kross félaga um áhrif hinnar alþjóðlegu bankakreppu á almenning í Evrópu.

Niðurstöður skýrslunnar voru sláandi. Landsfélög víða um Evrópu – og deildir þeirra um sveitir og bæi í álfunni – sögðu frá aukinni ásókn í mannúðaraðstoð. Fleiri og fleiri Evrópubúar banka á dyr hjálparstofnana í von um mat, fatnað eða annan stuðning. Á sama tíma minnka fjárráð þeirra sem hjálpa.

Af 40 Rauðakrossfélögum sem skýrslan nær til segja 30 að viðkomandi þjóð hafi orðið fyrir verulegum búsigjum af völdum kreppunnar. Sammerkt nær öllum félögum er að telja atvinnulausa vera hóp sem þarf á aðstoð að halda. Meiri hlutinn segir að kreppan auki á vanda þeirra sem stóðu höllum fæti fyrir hana.

Af landsfélögum Rauða krossins innan Evrópasambandsins sem tóku þátt í könnuninni segjast tvö af hverjum þremur verða vör við aukna þörf fyrir mataraðstoð í innanlandsstarfi sínu. Atvinnulausum á ESB-svæðinu fjölgaði um 2% á tímabilinu júlí árið 2008 – júlí 2009.

Í Svíþjóð var atvinnuleysi meðal ungs fólks haustið 2009 27,3%.

Áhrif kreppunnar eru mismunandi milli landa. Í löndum þar sem almenn velmegun er meiri ber talsvert á óskum um aðstoð við að greiða reikninga og skuldir. Í Suðaustur-Evrópu kemur samdrátturinn illilega niður á þeim sem áttu erfitt með að láta enda ná saman fyrir, enda hækkaði verð á neysluvörum verulega. Í gömlu Sovétríkjunum harðnaði verulega á dalnum hjá mörgum fjölskyldum þegar ættingjar starfandi erlendis misstu vinnuna og sneru aftur heim.

Í langflestum tilfellum hafa Rauðakrossfélög í Evrópu brugðist við aukinni þörf með því að setja meiri kraft í áður veitta þjónustu. Deildir félaganna, sem vinna í grasróttinni, hafa látið vita af meiri ásókn í aðstoð. Fyrir utan beina styrki í formi fjár, matvæla eða fatnaðar hefur sálrænn stuðningur af ýmsu tagi verið vel þeginn. Heimsóknþjónusta getur unnið

gegn einsemd, sem er oft fylgifiskur fátæktar, og oft er hægt að finna einstaklingsbundnar lausnir á vandanum.

Nær öll Rauðakrossfélög segjast hafa orðið fyrir tekjuskerðingu vegna efnahagsástandsins. Einkum drógu stórfyrirtæki úr styrkjum en sum Rauðakrossfélög reiða sig verulega á stuðning viðskiptalífsins. Þá héldu ríkisstjórnir í auknum mæli að sér höndum þegar fjárveitingar til þróunarsamvinnu voru skornar niður.

Þótt ótrúlegt megi virðast lítur út fyrir að yfirstandandi efnahagsörðugleikar hafi haft minnst áhrif á gjafmildi einstaklinga. Þau Rauðakrossfélög sem sögðu að styrkir frá almenningi hefðu lækkað létu það fylgja sögunni að lækkinin væri ekki mikil. Fimm af 40 sögðu að almenningur hefði aukið framlög til hjálparstarfs. ■



Felix Valsson svæfingarlæknir kennir palestínskum sjúkraflutningamönnum sérhæfða endurlífgun. Þjálfunin er eitt af þeim verkefnum sem Rauði kross Íslands stendur fyrir til aðstoðar palemstínska Rauða hálfmánanum.



Tvö íslensk ungmenni heimsóttu Palestínu á vegum Rauða krossins í tengslum við verkefni um sálrænan stuðning við palestínska ungmenni.

Samstarf í skugga átaka

Samstarf Rauða kross Íslands við palestínska Rauða hálfmánann óx og dafnaði á ári sem var íbúum Palestínu að flestu leyti þungbært. Þegar 2009 gekk í garð voru loftárásir Ísraela á Gasa í algleymingi. Landhernaður í þéttbýlinu á þessari mjóu landræmu bætti gráu ofan á svart. Lög um framferði herja í átökum voru þverbrotin með árásum á spítala og skeytingarleysi ríkti um afdrif almennra borgara og hjálparstarfsmanna.

Á **Vesturbakkanum** herti setuliðið tókin á svæðum Palestínumanna, með áframhaldandi uppbyggingu aðskilnaðarmúrins, fjölgun landnemabyggða og gaddavirgirdingum inni á svæðum Palestínumanna. Meðal íbúa Palestínu mátti greina vaxandi vonleysi um friðarferlið.

Þjálfun sjúkraflutningamanna

Samkvæmt samkomulagi við Sjúkraflutningaskólann á Akureyri fóru fimm sendifulltrúar til Ramallah á Vesturbakkanum til að þjálfa sjúkraflutningamenn palestínska Rauða hálfmánans í sérhæfðri endurlífgun.

Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, fór fyrir hópnum. Auk hennar voru tveir læknar, þeir Felix Valsson og Freddy Lippert, sem er frá Danmörku, og tveir sjúkraflutningamenn, þeir Lárus Petersen og Stefnir Snorrason sem sinntu kennslunni. Um var að ræða tvö 20 tíma námskeið, samkvæmt stöðlum evrópska endurlífgunarráðsins.

„Sjúkraflutningamenn hér hafa ekki fengið mikla þjálfun í meðhöndlun lífshættulegra sjúkdóma eins og hjartasjúkdóma heldur meira sinnt aðstoð vegna áverka,“ sagði Hildigunnur meðan á þjálfuninni stóð.

„Með þessum námskeiðum sjá þeir tækifæri til að byggja upp þjónustu sem hefur hreinlega ekki verið til staðar en mikil þörf er fyrir.“

Sjúkraflutningar í skugga átaka

Palestínski Rauði hálfmáninn heldur úti sjúkraflutningum í andrúmslofti stöðugrar spennu og yfirvofandi hernaðaráttaka. Þegar Ísraelar gerðu árásum á Gasa um áramótin fluttu sjúkraflutningamenn Rauða hálfmánans stríðssærða um götur strandlengjunnar og voru við það í stöðugri lífshættu.

Á Vesturbakkanum lenda sjúkraflutningamenn ósjaldan í því að þurfa að bíða klukkustundum saman eftir því að komast í gegnum vegatálma. Samkomulag sem palestínski Rauði hálfmáninn gerði við ísraelsku Rauðu Davíðsstjórnuna, með fulltingi stjórnvalda Ísrael og Palestínu, um sjúkraflutninga milli svæðanna, hefur ekki virkað nema að takmörkuðu leyti.

Ungmennaheimsóknir

Palestínumönnum finnst þeir innilokaðir á herteknu svæðunum þar sem aðskilnaðarmúrinn er svo hár sums staðar að hann skyggir beinlínis á sólina. Það var því kærkomið tækifæri sem tveir ungir Palestínumenn fengu til að heimsækja Ísland sumarið 2009.

Um var að ræða tvo unga sjálfboðaliða sem aðstoðuðu sjúkraflutningamenn palestínska Rauða hálfmánans. Íslandsheimsókn þeirra var kostuð af friðarverðlaunafé sem Yoko Ono veitti forseta Íslands fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Forseti bað Rauða kross Íslands að nýta féð til að gefa palestínskum ungmönnum færi á að koma til Íslands.

Fawas Bitar og Tariq Jum'ah dvöldu í þrjár vikur á Íslandi. Þeir kynntu sér sjúkraflutninga hér á landi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Tvö íslensk ungmenni heimsóttu líka Palestínu á vegum Rauða krossins. Það var í tengslum við verkefni um sálrænan stuðning við palestínska ungmenni, sem kostað er af ECHO, neyðar- og mannúðarsjóði Evrópusambandsins.

Fjögur evrópsk Rauða kross félög standa að verkefninu og fékk hvert þeirra tækifæri til að senda tvö ungmenni til Palestínu til að kynnast aðstæðum barna og stuðningi við þau. Frá Íslandi fóru Gunnlaugur Bragi Björnsson og Kristín Helga Magnúsdóttir. Þau héldu úti bloggi meðan á ferðinni stóð, sem lesa má á www.palestinufarar.blog.is. ■

Hólmfríður Garðarsdóttir, sendifulltrúi hjá Rauða krossi Íslands, ásamt stuðningshópi alnæmismitaðra í Chiradzulu-héraði í einum af matjurtargörðunum sem Rauði kross Íslands veitir styrk til að rækta.



Stuðningur frá Íslandi skilar sér til skjólstæðinga Rauða krossins í Malaví

Mikið vatn er runnið til sjávar síðan fulltrúar Rauða kross Íslands settust fyrst niður með þorpshöfðingjum í Chiradzulu í suðurhluta Malaví til að ræða ástandið, þarfir og bjargir íbúanna árið 2002.

Þá bar hæst bágt heilsufar íbúanna. Malaría og niðurgangur væru mikið vandamál en ótal margir, sem áður voru hraustir og sterkir, ungir karlar og konur, væru að deyja. Þetta hefði svo áhrif víða. Börn væru að missa foreldra sína, fæðuöflun gengi verr og álag á fjölskyldur væri mikið því annast þyrfti um þá veiku mánuðum saman.

Á þessum fyrstu fundum var aldrei minnst á alnæmi berum orðum og það aldrei nefnt sem nýr orsakavaldur að erfiðleikum. Einhver vitneskja var um þennan nýja sjúkdóm en fordómarnir svo miklir að enginn tók sér nafn hans í munn.

Eftir fyrstu fundina var tekið til við að setja upp verkefni fyrir langveika og aðstandendur þeirra. Þorpshöfðingjarnir ábyrgðust að mannaflinn yrði til staðar til að vinna verkin, malavíski Rauði krossinn skipulagði verkþættina og þjálfaði sjálfbóðaliða til vinnunnar og Rauði kross Íslands, með dyggri aðstoð almennings á Íslandi, lagði til fjármagn og ráðgjöf eftir þörfum.

Unnið gegn fordómum fyrir alnæmi

Ög enn, átta árum síðar, erum við að vinna saman í Chiradzulu og Mwanza að því að bæta og þróa starfið eftir því sem aðstæður breytast. Eitt helsta verkefnið hefur verið að minnka fordóma svo hægt væri að ræða um sjúkdóminn svo smitaðir ættu möguleika á viðeigandi aðstoð. Ekki síður þyrfti að fræða um smitleiðir til að hefta útbreiðsluna. Þetta eru enn viðamiklir þættir og hafa skilað miklum árangri. Heimahlynningar er ennþá þörf en eftir að alnæmislyf komu til sögunnar

- *Í byrjun árs voru 332 skjólstæðingar í Mwanza sem nutu heimahlynningar sjálfbóðaliðanna í alnæmisverkefninu en vegna rétttrá aðhlynningar og lyfjagjafa tókst að útskrifa um helming þeirra á árinu. Flestir þeirra eru nú í stuðningshópum smitaðra þar sem meðlimir hjálpast að og styðja hverja aðra.*
- *Um 800 börn sóttu leikskólana í Mwanza og Chiradzulu og fengu þar mat, kennslu og umönnun.*
- *Alls nutu um 3600 börn í Mwanza og Chiradzulu stuðnings Rauða krossins er varðar skólagöngu, matvæli, fatnað og félagslegan stuðning.*
- *Krakkar á Íslandi söfnuðu nærri einni milljón króna sem varið var til kaupa á útileiktækjum handa malavísku börnum.*

geta sjálfbóðaliðar meira sinnt fræðslunni og aðstoð við aðstandendur, unga sem aldna.

Mikilvægt starf með börnum og unglingum

Starfsemi athvarfa fyrir börn og unglinga sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis og/eða almennrar fátæktar var aukin á árinu. Yngstu börnin fá mat, kennslu og hvatningu í þroskandi umhverfi. Fatapakkar koma frá Íslandi og íslensk tombólubörn söfnuðu svo sérstaklega fyrir útileiktækjum sem komið var upp. Unglingaklúbbar eru einnig starfræktir í

sama húsnæði. Það er kærkomið starf þar sem félagslíf fyrir þann aldursþóp er af skornum skammti í dreifbýli. Krakkarnir voru í íþróttum, lífsleikni, listsköpun, æfðu og sýndu leikrit sem oftast eru um raunverulegar aðstæður fólks og hvernig breyta megir hlutum til betri vegar.

Stuðningskerfi fyrir konur og börn, ömmuhópar og átak í fæðuöflun

Bágborin staða kvenna er einn megináhrifa-valdur í útbreiðslu alnæmis. Nú er unnið að því að koma upp stuðningskerfi í nærsamfélaginu fyrir konur og börn sem verða fyrir ofbeldi á heimilum. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar stóðu meðal annars að miklu fótoltamóti fyrir unglinga og notuðu tækifærið til að vera með áróður gegn ofbeldi. Stúlknaðar voru einnig stofnaðir til að styrkja sjálfsmynd þeirra og vekja umræður um ólíkt hlutskipti kynjanna og hvernig það hindrar framþróun samfélagsins. Á árinu var einnig stofnaður svokallaður ömmuhópur í einu þorpna. Þar hittast þær eldri konur sem hafa fengið barnabörnin í fangið eftir fráfall foreldranna, fá stuðning við framfærslu þeirra og styðja hver aðra. Átak í fæðuöflun hófst einnig á árinu. Um 900 fjölskyldur í Chiradzulu fá útsæði, áhöld og fræðslu og komið er upp sameiginlegum gördum til ávaxta- og grænmetisræktunar fyrir stuðningshópa smitaðra.

Starfið er því í stöðugri þróun og þörfin enn til staðar. Úttekt á verkefninu fer fram árið 2010 og endurskoðun verkþætta í kjölfar þess. Rauði kross Íslands áætlað að styðja verkefnið áfram næstu árin. ■

Hildur Magnúsdóttir, sendifulltrúi hjá Rauða kross Íslands, vann í Símbabve í fjórar vikur í byrjun árs vegna kólerufaraldursins. Hún vann með teymi frá norska Rauða krossinum. Hér er Hildur í kólerumeðferðarþúðum Rauða krossins í Masemo í Símbabve.



Fræðsla bjargar mannlífum í Símbabve

Almennt efnahags- og samfélagshrun, skortur á salernisaðstöðu og lekar skólpleiðslur ollu því að kólerufaraldur braust út í Símbabve árið 2008. Áður en tókst að ráða niðurlögum veikinnar höfðu nærri 100.000 manns sýkst og 4.288 fallið í valinn.

Alþjóðleg neyðarbeiðni var send út á Porláksmessu árið 2008. Alls sendu erlend Rauða-krossfélög sjö neyðarsveitir á vettvang, þrjár heilsugæslustöðvar og fjórar vatns- og hreinlætissveitir.

Tveir íslenskir hjúkrunarfræðingar fóru á vettvang í janúar 2009. Hildur Magnúsdóttir starfaði með norski heilsugæslustöð og Marianna Csillag með finnskri.

Þann 11. janúar 2009 var opnuð kólerumiðstöð í tveimur tjöldum í borginni Mandava í miðhluta landsins. Stöðin var rekin af yfirvöldum í Símbabve en Rauði krossinn útvegaði þeim sjúkragögn. Hildur sem vann í þessari miðstöð fór ásamt öðrum sérfræðingum í viku hverri til eftirlits og ráðgjafar, og til að kenna heimamönnum að verjast veikinni. Að hennar sögn komu 230 sjúklingar í stöðina fyrstu vikuna og aðeins einn þeirra lést. Um landið allt var meðaltal látinna hins vegar rúmlega 4,3 af hverjum 100.

Fræðsla bjargar lífum

Dauðsföllum í héraðinu stórfækkaði eftir að stöðin var opnuð því hluti af starfsemi þess byggðist á fræðslu. Rauði krossinn lét sjálf-

boðaliðum í té fræðsluefni og síðan fóru þeir um héraðið og fræddu íbúana um hreinlæti og mikilvægi þess að drekka salt-/sykurlausn strax og þeir fengu einkenni kóleru.

Helsta ástæða dauðsfalla af völdum kóleru er ofþornun og er meðferð við henni bæði einföld og ódýr. Aðalmeðhöndlunin fyrir langflesta er að drekka salt-/sykurlausn, gæta fyllsta hreinlætis, nota eingöngu ómengað eða soðið vatn til neyslu og passa þannig að smita ekki aðra.

Matvælaaðstöð

Fyrir var í Símbabve Huld Ingimarsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins, sem hefur stjórn að matvæladreifingu í landinu frá því í október 2008. Allt að helmingur landsmanna, sem eru um 12 milljónir alls, stóð frammi fyrir hungursneyð á árinu 2009.

Helstu stoðir efnahagslífs og framleiðslu í landinu hafa brostið á undanföllum árum vegna óðaverðbólgu og óstjórnar, og eru neyðarverkefni Rauða krossins líflína hundruða þúsunda manna sem þjást af völdum hungurs og sjúkdóma.

Skortur á vatni og hreinlæti

„Alvarlegasta ástæða kólerufaraldursins er sú að helstu stoðir samfélagsins eru nær algerlega fallnar. Vatnsveitur, hreinlætisaðstaða almennings og heilbrigðiskerfi landsins eru meira og minna ónýtt. Það er ennþá skortur á drykkjahæfu vatni og hreinlæti er mjög ábótavant. Það er mikil mannekla í heilbrigðiskerfinu og skortur á sjúkragögnum,“ sagði Marianna þegar rætt var við hana í janúar, þar sem hún sinnti verkefnum sínum í Símbabve.

Fjárskortur hamlaði framgangi verkefnisins þegar leið fram á vorið 2009. Að endingu var tekin ákvörðun um að loka því fyrr en upphaflega hafði verið áætlað. Þegar upp var staðið hafði samt sem áður tekist að dreifa 700.000 vatnshreinsiskömmtum til 175.000 manna. Hreinlætisfræðsla náði til 250.000 manna með beinum hætti og hundruða þúsunda til viðbótar óbeint. Líkt og jafnan er lögð áhersla á að gera tókst að þjálfa hundruð sjálfboðaliða Rauða krossins á staðnum sem nú kunna að halda áfram lífsbjargandi fræðslustarfi – og vonandi koma í veg fyrir að annar faraldur geisi. ■



LANDSSKRIFSTOFA
EFSTALEITI 9
103 REYKJAVÍK
SÍMI 570 4000
CENTRAL@REDCROSS.IS
WWW.RAUDIKROSSINN.IS